



Vélstjóri

STARFSLÝSING

Yfirmaður

Skipstjóri

Stofnun / deild

Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð

1. Meginviðfangsefni

Eftirlit og umsjón með dráttarbátum og ábyrgð á að báturinn sé ávallt tilbúinn til notkunar þegar þörf krefur.

Vinnur að verkefnum framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar, hafnarvörslu, vigtun og annarra verkefna. Þjónusta við viðskiptavinum þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar. Sinnir ýmsum störfum og verkefnum þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.

2. Helstu verkefni

- Vélstjórn á dráttarbáti.
- Þjónusta við viðskiptavinum hafnar s.s. binda og losa skip við komur og brottfarir, afgreiðsla vatns, og rafmagns, sorphirða frá skipum, vigtun o.fl.
- Viðhald, hreinsun og snyrting hafnarbakka og annarra hafnarmannvirkja.
- Snjó- og hálkueyðing af hafnarbökkum, bryggjuköntum, pollum og bílvog.
- Þrif í starfsstöð og ábyrgð á að umhverfi sé snyrtilegt og vel um gengið. Tækjum, bílum og verkfærum skal raða skipulega upp.
- Eftirlit og umsjón með skipakomum, vöruflutningum og öðru því sem um höfnina fer, skráning þeirra og aflu í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.
- Stjórn á umferð skipa um höfnina og ákvörðun um legustað þeirra, færsla innan hafnar.
- Tilkynnir til yfirmanns um bilanir og slit til undirbúnings viðhaldi.
- Viðhald öryggisbúnaðar hafnarinnar.
- Aðstoð á dráttarbáti.
- Vinnur almenn störf eftir þörfum og ákvörðun yfirmanns
- Viðhaldsverkefni Þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.

2.1 Fjármál

- Staðfesting útgjalda á kostnaðarstöðum sem hann ber ábyrgð á og eftirlit með framvindu fjárhagsáætlunar.
- Reikningsfærsla fyrir skipagjöldum, vörugjöldum, þjónustu hafnarinnar og annað sem tilheyrir reikningagerð.

2.2 Samskipti

- Við aðra starfsmenn þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.
- Við viðskiptavinum þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.

2.3 Önnur verkefni

- Tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.



3. Hæfis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Vélstjórnarréttindi.
- Hafngæslumannsréttindi í hafnarvernd.
- Vigtarréttindi.
- Bílpróf.

3.2 Hæfnisþættir

- Góð íslensku kunnátta.
- Enskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.
- Færni í að eiga gott samstarf við stjórnendur og samstarfsmenn.

Skírteini til staðfestingar prófum og réttindum, auk sakavottorðs skal fylgja umsókn.

Fjarðabyggð 1. janúar 2022

Vélstjóri

Yfirmaður